

Umsögn frá Hrunamannahreppi, barst Skipulagsstofnun með tölvupósti 11. janúar 2021.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps tók fyrir á fundi sínum drög að breytingum á landskipulagsstefnu þann 7. Janúar sl. og bókaði eftirfarandi.

Umsögn um drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Formaður kynnti stefnuna og rætt var um hana. Nefndin tekur undir álit skipulagsnefndar UTU um mikilvægi þess að tryggja að dreifð byggð fái að blómstra og sé ekki bundin í fjötra. Nefndin fagnar nýju ákvæði nr. 5.3.4 um að landbúnaðarsvæði skuli skilgreind en slíkt fyrirkomulag hefur verið í Hrunamannahreppi um árabíl til að tryggja landbúnaðarland. Tryggja þarf víðtæka sátt um stefnumörkun um óbyggð víðerni. Meðfylgjandi er bókun UTU:

"Skipulagsnefnd UTU telur að flest þeirra markmiða sem koma fram innan viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 séu jákvæð fyrir skipulagsgerð í þétt- og dreifbýli á Íslandi til framtíðar. Nefndin bendir þó á að ákveðin markmið stefunnar geti haft veruleg áhrif á uppbyggingu í dreifbýli sé horft til þess að aðal áhersla uppbyggingar skuli beinast að þegar byggðum svæðum. Telur nefndin að byggð í dreifbýli þurfi að geta þróast á jákvæðan hátt m.t.t. viðkomandi markmiða um orkuskipti í samgöngum, áherslum á vistvæna mannvirkjagerð og staðarmótun og landslagsvernd. Samhliða hafa íbúar í dreifbýli meiri möguleika á því að vinna heima en áður með ljósleiðaravæðingu svæða sem helst í hendur við breytingar á vinnumarkaði samhliða fjórðu iðnbyltingunni. Það minnkar þörf fólks á að þurfa að sækja vinnu um langan veg þar sem aukning verður á atvinnutækifærum óháð staðsetningu. Í dreifbýli hafa íbúar meiri möguleika á að auka sjálfbærni með eigin ræktun og hafa að auki góðan aðgang að náttúrulegum svæðum sem gefur meiri möguleika á andlegri endurheimt og tækifærum til að ná fram lýðheilsu- og velferðum utan vinnutíma. Hóflæg dreifð uppbygging byggðar með þessum áherslum án þess að um eiginlegan búskap sé að ræða getur því talist jákvæð þróun til framtíðar að mati nefndarinnar með fyrirvara um að svæðin séu í góðri tengingu við helstu þjónustu innan sveitarfélagsins. Nefndin telur að skoða þurfi stefnumörkun er varðar óbyggð víðerni með ítarlegri hætti."

Kveðja
JGV

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri
480-6600
jon@fludir.is